

25. janúar 1977.

65

Nr. 34.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á norðanverðu Strandagrunni.

1. gr.

Til 1. febrúar 1977 eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á norðanverðu Strandagrunni á svæði, er afmarkast af eftirfarandi C-loranlínum: 62400—62550 og 46880—47100.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1977.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.